

Júní 2024

Reykholahreppur

Verklagsreglur um störf barna og unglunga.

Ungmennni í Reykhólahreppi byrja snemma að vinna, mörg hver með námi, og í ýmsum starfsgreinum,

Í reglugerð um vinnu ungmenna undir 18 ára aldri er kveðið á um að leggja beri áherslu á að öryggi og andlegu og líkamlegu heilbrigði ungmenna sé ekki hætta búin á vinnustað. Jafnframt að vinnan hafi ekki truflandi áhrif á menntun þeirra eða þroska.

Ungmennni mega ekki vinna störf sem eru þeim líkamlega eða andlega ofviða eða þar sem hætta er á að vinnan geti valdið þeim heilsutjóni. Í reglugerð um vinnu barna og unglunga, nr. 426/1999, kafla III, er talin upp vinna sem ungmennum er óheimilt að starfa við.

Stjórnendum í Reykhólahreppi ber að skapa ungmennum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og gæta þess að verkefni sem þeim eru falin hæfi aldri þeirra og þroska.

Ef ungmenni starfa hjá stofnunum Reykhólahrepps skal stjórnandi þeirra stofnunar gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði sem taki mið af því. Sérstaklega skal taka tillit til hættunnar sem getur stafað af reynsluleysi ungmenna og þess að þau hafi ekki náð fullum þroska. Við mat á varúðarráðstöfunum skal jafnframt taka tillit til líkamlegra, lífrænna, efnafræðilegra og sálrænna áhrifa sem ungmenni geta orðið fyrir til lengri eða skemmri tíma á vinnustaðnum.

Um gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði er hægt að nálgast á síðu Vinnueftirlitsins <https://island.is/aaetlun-um-oryggi-og-heilbrigdi>.

Stjórnandi, til dæmis vaktstjóri, þarf að tryggja að starfsfólk fari eftir þeim öryggisreglum sem gilda á vinnustaðnum ásamt því að ganga úr skugga um að starfsfólkið skilji þær og átti sig á mikilvægi þess að farið sé eftir þeim. Á þetta sérstaklega við þegar ungmenni starfa innan vinnustaðarins. Enn fremur þarf að gæta þess að stjórnandi sé orðinn 18 ára. Hann gengur ávallt á undan með góðu fordæmi og hefur nægilega innsýn í eðli starfanna.

Skv. reglugerð um vinnu barna og unglunga er:

- **Barn**, einstaklingur undir 15 ára aldri, eða einstaklingur í skyldunámi
- **Unglingur**, einstaklingur 15 -17 ára og hefur lokið skyldunámi.
- **Ungmennni**, samheiti yfir einstaklinga undir 18 ára.

Miðað er við afmælisdag.

Börn undir 13 ára aldri má ekki ráða til vinnu.

Júní 2024

Börn 13 – 14 ára mega almennt ekki vinna, nema störf teljist hættulaus, af léttara tagi og talin eru upp í [viðauka 4 í reglugerð um vinnu barna og unglunga](#). Sérstaklega skal tala tillit til aldurs eða þroska við skipulagningu slíkra starfa.

Vinnutími má að hámarki vera:

Á starfstíma skóla

- 2 klst. á skóladegi
- 12 klst. á viku.

Utan starfstíma skóla

- 7 klst. á dag
- 35 klst. á viku

Vinna er bönnuð á milli kl. 20 og 06.

Vinna unglunga 15 ára og eldri í skyldunámi er almennt bönnuð nema við þau störf sem teljast hættulaust af léttara tagi og talin eru upp í [viðauka 4 í reglugerð um vinnu barna og unglunga](#).

Vinnutími má að hámarki vera:

Á starfstíma skóla

- 2 klst. á skóladegi
- 12 klst. á viku.

Utan starfstíma skóla eða í starfsnámi.

- 8 klst. á dag.
- 40 klst. á viku.

Vinna bönnuð á milli kl. 20 og 06.

Vinnutími unglunga 15 ár og eldri eftir skyldunám er almennt leyfð þegar skyldunámi sleppir, en reglugerð um vinnu barna og unglunga kveður á um þau störf sem þeim er óheimilt að sinna, [samanber viðauka 1A, 2 og 3](#).

Vinnutími má að hámarki vera:

- 8 klst. á dag.
- 40 klst. á viku.

Stjórnendur kynni sér vel [reglugerð um vinnu barna og unglunga 426/1999](#) og upplýsingar um [vinnu barna og unglunga á vef Vinnumálastofnunar](#)

Vinna barna og unglunga

Barn er einstaklingur undir 15 ára eða einstaklingur í skyldunámi.

Unglingur er einstaklingur 15-17 ára og hefur lokið skyldunámi.

Ungmennni er einstaklingur undir 18 ára.



Ávinningur þess að tryggja öryggi og velliðan ungmenna

- Kemur í veg fyrir vinnuslys og afleiðingar þeirra
- Stuðlar að öryggisvitund ungs fólks við vinnu
- Veitir jákvæða upplifun af vinnumarkaði
- Leggur grunn að því að þau komi heil heim starfsævina á enda

Vinna barna yngri en 13 ára er bönnuð

- Börn yngri en 13 ára má aðeins ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþróttá- eða auglýsingastarfsemi
- Nauðsynlegt er að sækja um leyfi til Vinnueftirlitsins áður en vinna hefst. Umsóknareyðublað er að finna á vinnueftirlitid.is

Skyldur atvinnurekanda

- Að meta áhættu þeirra starfa sem ungmenni sinna og koma í veg fyrir hana með forvarnaraðgerðum
- Tryggja ungmennum viðeigandi þjálfun og fræðslu áður og við upphaf starfa
- Kynna forráðamönnum og ungmennum hugsanlegar hættur

Vinna barna á aldrinum 13-14 ára er almennt bönnuð nema við:

- Hættulaus störf af léttara tagi. Til dæmis létt fiskvinnslustörf, létt störf í verslun, létt skrifstofustörf, minni háttar hreingerningar og að leggja á borð. (Talin upp í viðauka 4 í reglugerð um vinnu barna og unglunga)
- Störf í vinnuskólum sveitarfélaga

Gæta þarf að:

- Vinnan hæfi þroska hvers og eins
- Gefa uppbyggilega endurgjöf
- Ekki sé lyft of þungu
- Farið sé að þeim reglum sem gilda um störfin

Vinna unglunga er almennt leyfð nema við:

- Hættuleg tæki og verkefni (talin upp í viðauka 1a í reglugerð um vinnu barna og unglunga)
- Hættuleg efni (talin upp í viðauka 2)
- Hættuleg störf (talin upp í viðauka 3)

Vinnutími ungmenna*

	Börn 13-14 ára	Börn 15-16 ára í skyldunámi	Unglingar 15-17 ára og hafa lokið skyldunámi
Á starfstíma skóla	2 klst á skóladegi, 12 klst á viku	2 klst á skóladegi, 12 klst á viku	8 klst á dag, 40 klst á viku
Utan starfstíma skóla	7 klst á dag, 35 klst á viku	8 klst á dag, 40 klst á viku	8 klst á dag, 40 klst á viku
Vinna bönnuð	Frá kl. 20-06	Frá kl. 20-06	Frá kl. 22-06
Hvíld	14 klst á sólarhring, 2 dagar á viku	14 klst á sólarhring, 2 dagar á viku	12 klst á sólarhring, 2 dagar á viku

*Ýmsar undanþágur eru gefnar frá almennum reglum. Nánari upplýsingar um þær er að finna í viðaukum reglugerðar um vinnu barna og unglunga. Þær má líka nálgast undir vinnu barna og unglunga á vinnueftirlitid.is